

# HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

## STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: Jónas Rúnar Ingólfsson  
kt. 290387-2729

Starfsstöð: Hryggstekkur, 701 Egilsstaðir

- Um er að ræða starfsleyfi fyrir seyrugryfjur, þ.e. leyfi til að leggja seyru í grunnar gryfjur í þeim tilgangi að nýta seyruna sem áburð fyrir trjárækt.
- Staðsetning gryfjusvæðisins: Í landi Hryggstekks sunnan við Eyrarteigsá, neðan við gamla þjóðveginn en ofan túna, (sjá meðf. afstöðuupprátt)

Leyfið gildir frá 20. júní 2019 til 20. júní 2031

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

Fyrirhugaðar breytingar á rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skytt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

  
Helga Hreinsdóttir  
heilbrigðisfulltrúi





**HAUST**

Heilbrigðiseftirlit Austurlands

# Starfsleyfiskilyrði

## Heilbrigðisnefndar Austurlands

**Starfsleyfishafi:** Jónas Rúnar Ingólfsson, kt. 290387-2729

**Starfsstöð:** Hryggstekki í Skriðdal, 701 Egilsstaðir

Leyfið gildir frá 20. júní 2019 til 20. júní 2031

Um er að ræða starfsleyfi fyrir seyrugryfjur í landi Hryggstekks, þ.e. leyfi til að leggja seyru í grunnar gryfjur í þeim tilgangi að nýta seyruna sem áburð fyrir trjárækt.

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt neðangreindum lögum og á grunni umsóknar dags. 12. maí 2019.

Lög sem um starfsemina gilda eru meðal annars

- *Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.*

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda svo sem

- *Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit*
- *Reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru*

### 1. Lýsing á starfseminni og skilyrði sem gilda.

---

Um er að ræða starfsleyfi fyrir seyrugryfjur, þ.e. leyfi til að leggja seyru í grunnar gryfjur í þeim tilgangi að nýta seyruna sem áburð fyrir trjárækt..

Staðsetning gryfjusvæðisins: Í landi Hryggstekks sunnan við Eyrarteigsá, neðan við gamla þjóðveginn en ofan túna. Aðkoma er frá þjóðvegi um veg að tengivirki við Hryggstekki (sbr. fylgiskjal með afstöðumynd).

Grafnar verða grunnar reinar og seyra losuð beint í þær.

### 2. Kröfur og skilyrði

---

Krafa er um að einungis aðilar sem hafa starfsleyfi Heilbrigðisnefndar til að meðhöndla seyru fái að losa seyru í aðstöðunni.

Krafa er um að svæðið umhverfis seyrugryfjurnar sé afgirt með fjárheldri girðingu og að hlið verði alla jafnan haft lokað. Girðingu skal vel við haldið.

Krafa er um skilti við aðkomu að svæðinu sem gefur til kynna um hvaða starfsemi er að ræða, t.d. með texta á borð við þennan:

Varúð seyrgryfja  
Caution: pit containing sewage sludge

Þegar reinar eru hæfilega fullar skal gróðursetja í þær. Í lok starfseminnar skal gróðursett í allt svæðið.

Leyfishafi skal halda saman upplýsingum um magn seyru sem losað er í gryfjuna. Magnupplýsingar skulu afhentar heilbrigðiseftirliti verði eftir því óskað, enda er skylt að áframsenda þær Umhverfisstofnun til skýrslugerðar.

### **3. Annað sem varðar starfsemina.**

---

#### **3.1. Lóð og umhverfi**

Umhengni um lóð og athafnasvæði skal vera góð og lóðamörk skulu virt.

#### **3.2. Úrgangur**

Á svæði því sem um ræðir var í óleyfi grafinn úrgangur frá starfsemi tengdri endurnýjun á tengivirki ofan vegar. Árið 2014 var úrgangurinn grafinn upp. Komi til þess að eitthvað hafi orðið eftir og úrgangur t.d. lagnaefni, málmar eða steinsteypa komi upp þegar urðunarreinar fyrir seyru eru grafnar skal slíkum úrgangi safnað saman og hann fluttur til förgunar á löglegum urðunarstað.

20. júní 2019  
Virðingarfyllst,  
f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

  
Helga Hreinsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi



Fylgiskjal.

Staðsetning seyrugryfju er sýnd með rauðum hring

